

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Úthlíð, Skyggisvegur 5 og 7 og Skútavegur 4.

Í breytingunni felst að lóðin Skyggisvegur 7 stækkar úr 4.353 m² í 5.100 m², lóðin Skyggisvegur 5 minnkar úr 4.584 m² í 4.427 m² og lóðin Skútavegur 4 minnkar úr 7.752 m² í 7.396 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 9. desember 2010.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem þágildandi skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. mars 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2011